

Greinargerð

Samantekt á viðbrögðum við athugasemdum að loknum kynningartíma stjórnunar- og verndaráætlunar fyrir friðlandið á Hornströndum

Drög að stjórnunar- og verndaráætlun fyrir friðlandið á Hornströndum voru lögð fram til kynningar þann 7. júní 2018 og umsagnar- og samráðsaðilum sem og öðrum þeim sem láta sig svæðið varða var gefinn kostur á að senda inn ábendingar og athugasemdir. Kynningartíminn var auglýstur á heimasíðu og facebook-síðu Umhverfisstofnunar, heimasíðu Ísafjarðarbæjar, Hornstrandir.is og vefsíðunni bb.is. Haldnir voru tveir kynningarfundir á kynningartíma, 14. júní í Reykjavík og 21. júní á Ísafirði. Frestur til að skila inn ábendingum og athugasemdum var til og með 17. júlí 2018. Erindi voru send til samráðsaðila þar sem vakin var athygli á kynningarferlinu. Alls bárust athugasemdir og ábendingar frá 20 aðilum.

Hér á eftir er gerð grein fyrir viðbrögðum við athugasemdum og ábendingum sem bárust á kynningartíma og þeim breytingum sem gerðar voru á drögum að stjórnunar- og verndaráætlunar fyrir friðlandið á Hornströndum í kjölfar kynningarferlisins.

Lífríki

Refurinn

Athugasemdir bárust um að það sem vísað var til sem ofverndun refsins gæti ógnað vistfræðilegu jafnvægi annarra dýrategunda á Hornströndum og þá sérstaklega fuglalífi. Eins kom sú ábending að það þyrfti að vinna nokkur greni vegna ágangs refs undir Hornbjargi. Náttúrufræðistofnun Íslands heldur utan um rannsóknir á refum innan friðlandsins í samstarfi við Melrakkasetur Íslands og beinir Umhverfisstofnun athugasemdum er varðar vistfræðilegt jafnvægi til þeirra. Refurinn er friðaður á Hornströndum samkvæmt lögum og vinnsla grenja er ekki heimil samkvæmt lögum innan friðlandsins sbr. reglugerð nr. 437/1995 sem Alþingi hefur samþykkt.

Minkurinn

Ábending kom um að það þyrfti að bæta inn úrræði til að takmarka útbreiðslu minksins. Minkurinn er ágeng tegund og er það stefna Umhverfisstofnunar að útrýma honum innan friðlandsins líkt og fram kemur í kafla 3.3.3. í stjórnunar- og verndaráætluninni.

Veiðar

Athugasemdir bárust um það að sjófuglaveiðar á vikum og við björg séu ef til vill ekki stundaðar af hófsemi. Varðandi nýtingu hlunninda gildir 3. gr. í auglýsingu um friðlýsingu svæðisins. Þeim reglum verður ekki breytt nema með breytingu á friðlýsingarskilmálum.

Hundahald

Bent var á að reglur um að hundahald væru heldur flóknar. Eins komu ábendingar um að það væri ósanngjarnt að ekki mætti vera með hunda innan friðlandsins. Gerðar voru breytingar reglum og þær einfaldaðar í áætluninni. Í áætluninni sem nú er lögð fram kemur fram að landeigendum er heimilt að vera með hunda í húsum sínum og innan friðlandsins, svo fremi að þeir séu ávallt í taumi. Ekki er heimilt að vera með aðra hunda innan friðlandsins, til verndar lífríki og upplifun ferðamanna, en undanskilið banninu eru leitar- og björgunarhundar.

Almennt um mörk og flokkun friðlandsins

Mörk friðlandsins

Athugasemdir bárust um það hvort ekki ætti að færa mörk friðlandsins til þess að sporna við sívaxandi sjókvíaeldi á Vestfjörðunum. Mörk friðlandsins eru nú við stórstraumsfjöru og allt utan þess er ekki umsjónarsvæði Umhverfisstofnunar, ekki er gert ráð fyrir að breyta friðlandsmörkum að svo stöddu. Bætt hefur verið við aðgerð í aðgerðaáætlun um að Umhverfisstofnun skoði möguleikana á aukinni verndun svæðis við fuglabjörg.

IUCN flokkun

Ábendingar komu varðandi stýringu friðlandsins samkvæmt IUCN og að réttara væri að nota stýringu í samræmi við íslensku náttúruverndarlögin. Þá kom einnig ábending um að ekki væri hægt að nota flokkinn 1b fyrir allt friðlandið samkvæmt ICUN vegna þess að innan friðlandsins væri einnig að finna þéttbýliskjarna og fleira sem ekki væri hægt að fella undir flokk 1b. Varðandi stýringu þá er IUCN með skýrari skilgreiningar á friðlýsingarflokkum en íslensku náttúruverndarlögin og hafa búið til greinargóðar leiðbeiningar varðandi stýringu svæða. Umhverfisstofnun telur að flokkun svæðisins sem 1b samkvæmt IUCN sé réttmætt þar sem skilgreiningar IUCN krefjast þess að ef 75% svæðisins fellur undir skilgreiningar ákveðins flokks þá sé hægt að flokka það réttmætlega samkvæmt því. Í tilfalli friðlands á Hornströndum þá fellur 75% undir þær skilgreiningar sem flokkur 1b fellur undir og því rétt flokkun. Rétt er þó að benda á að svæðið er friðlýst samkvæmt ákvæðum íslenskra náttúruverndarlaga og svæðið því alltaf jafnframt skilgreint samkvæmt þeim.

Ágangur sjávar

Athugasemdir komu um að það vantaði umfjöllun um ágang sjávar á friðlandið og menningarminjar þess. Umhverfisstofnun hefur brugðist við þessari athugasemd og bætt umfjöllun um áhrif ágangs sjávar.

Umferð vélknúinna farartækja

Lendingar á flugvélum landeigenda

Athugasemdir bárust er varðar lendingu á flugvélum landeigenda á sínu landi. Umhverfisstofnun hefur umorðað regluna um lendingu flugvéla með þeim hætti að nú er skýrt að landeigendum er heimilt að lenda flugvélum á sínu landi.

Umferð þyrlna

Sú ábending kom að þyrllur ættu ekki að mega fljúga nær en 1000m frá fuglabjargi en ekki 500m líkt og nú er. Þá kom sú ábending að þyrllumferð og önnur flugumferð ætti að vera bönnuð í nágrenni byggðar og að minnsta kosti setja hæðarmörk í nágrenni við þorpin. Einnig komu ábendingar um að ekki ætti að vera heimilt að selja útsýnisflug yfir svæðið vegna truflunar við kyrrðina. Umhverfisstofnun hefur ekki heimild til að banna flug þyrlna að svo stöddu þar sem stofnunin er ekki með vald yfir lofthelgi. Umhverfisstofnun mun skoða nánar flug þyrlna í nálægð við fuglabjörg. Samkvæmt villidýralögum þá er óheimilt að fljúga flugvélum í grennd við fuglabjörg. Umhverfisstofnun bendir á að Hornstrandir eru flokkaðar sem mikilvægt fuglasvæði og eins þá eru ákveðin tilmæli varðandi flug yfir Hornströndum í flugmálahandbókinni.

Bann við lendingu þyrlna

Ábendingar bárust um að ekki væru nægileg rök fyrir því af hverju lending þyrlna er óheimil. Megin rökin fyrir því að banna lendingu þyrlna er vegna hávaðamengunar þar sem svæðið á að geta gefið þeim sem þar er óbyggðartilfinningu og ró og næði. Vilji landeigenda og annarra hagsmunaaðila á svæðinu er að reyna að Umhverfisstofnun

takmarka hávaða eins og unnt er. Gróðurlendi er víða viðkvæmt og hefur flug og landing þyrlna neikvæð og truflandi áhrif á lífríki. Þá lagði Ísafjarðarbær til bann við lágflugi þyrlna yfir friðlandinu með bókun 2014. Þá komu einnig athugasemdir er varðar aðgengi ólíkra hópa og að bann við landingu þyrlna myndi ef til vill hamla ákveðnum hópum að koma inn í friðlandið. Umhverfisstofnun bendir á að ferðapjónustuaðilar á bátum eru færir um að aðstoða fólk til að upplifa svæðið með þeim fararmátum sem viðkomandi treystir sér til, en bent er á að göngustígar innan friðlandsins eru ekki færir fyrir hjólastóla. Athugasemdir bárust einnig um það að þylur gætu komið að góðum notkum við framkvæmdir. Ekki eru áætlaðir margar framkvæmdir innan friðlandsins þar sem stefnan er að halda innviðum í lágmarki, ef til þess kemur að þörf er á þylum til framkvæmda þá er hægt að sækja um undanþágu frá reglum til Umhverfisstofnunar.

Umferð ómannaðra loftfara (dróna)

Athugasemdir bárust um það að drónar væru misstórir og mismikil truflun fylgi hverjum og einum, þá ætti að leyfa notkun dróna með skilyrðum. Drónar eru ekki heimilaðir innan friðlandsins fyrst og fremst vegna lífríkisverndar en einnig þar sem eitt af markmiðum friðlandsins er að varðveita kyrrð og upplifun fólks á ósnortinni náttúru. Hægt er að sækja um leyfi til Umhverfisstofnunar ef þörf er á að nota dróna innan friðlandsins.

Umferð fjórhjóla

Nokkrar athugasemdir bárust um umferð fjórhjóla á vegum landeigenda innan friðlandsins. Bent var á að leggja ætti áherslu á að takmarka umferð, takmarka fjölda þeirra og hraða fjórhjóla. Svo lengi sem farið er eftir almennum umferðarlögum þá getur Umhverfisstofnun ekki sett frekari reglur. Umhverfisstofnun mun vísa þessari athugasemd til Hornstrandaneftndar til frekari umfjöllunar.

Umferð smábáta við björg

Athugasemdir bárust er varðar það að smærri bátar ættu að hafa heimild til að fara á hefðbundin veiðisvæði undir björgum. Umhverfisstofnun hefur útfært reglur er varðar hefðbundnar siglingar svo ekki sé verið að hamla hefðbundnum siglingum smábáta og nýtingu þeirra hlunninda sem heimil er.

Slóðakort

Athugasemdir komu varðandi slóðakort og réttmæti þeirra. Sérfræðingur Umhverfisstofnunar mun fara í frekara samstarf við landeigendur og skoða og bæta slóðakort í samræmi við athugasemdir.

Kyrrðarsvæði

Ábending kom um það að auka ætti enn frekar áhersla á að friðlandið sé kyrrðarsvæði og reglur og takmörkun á umferð ætti að vera í samræmi við það. Umhverfisstofnun telur að þær reglur sem settar hafa verið í stjórnunar- og verndaráætluninni séu til þess fallnar að viðhalda kyrrð innan friðlandsins. Gestakomur eru talsverðar á Hesteyri og þar má segja að markmiðum um kyrrð sé ekki náð enda um þéttbýliskjarna að ræða og innviði sem eru til þess fallnir að taka á móti gestum.

Jarðrask og framkvæmdir

Ábendingar sem komu fram varðandi hús og útlit eiga frekar við í tengslum við aðalskipulagsgerð. Umhverfisstofnun mun koma þeim ábendingum til Ísafjarðarbæjar og munu þær koma að góðum notum í ákveðnum verkefnum á vegum bæjarins. Stofnunin gerir athugasemdir ef jarðrask hefur átt sér stað án heimildar og mannvirkin eiga að vera skipulögð í aðalskipulagi og lúta þeim reglum sem þar gilda. Umhverfisstofnun mun leggja áherslu á að fyrirhugað landvarðarhús muni falla vel að þeim innviðum sem fyrir eru.

Samkvæmt friðlýsingaskilmálum þá er allt jarðrask og framkvæmdir háð leyfi Umhverfisstofnunar, landverðir sjá um eftirlit með því en ekki öðrum framkvæmdum innan friðlandsins. Umhverfisstofnun bendir á að með tilkomu skipulags verði slóðakortin uppfærð.

Byggingar innan friðlandsins

Ábendingar bárust varðandi vitlausa umfjöllun um byggingar í áætluninni. Brugðist hefur verið þessari ábendingu og umfjöllum um byggingar breytt.

Ferðaþjónusta

Bryggja á Hesteyri

Ábending kom um bryggjuna innan friðlandsins og að nýtingarréttur hennar væri óljós milli ólíkra aðila. Þá kom sú ábending að mikilvægt væri að bryggjur væru hluti þeirra innviða sem Umhverfisstofnun sér um og viðheldur á svæðinu, þá ætti eins að skipuleggja hvar eiga að vera bryggjur og hvar ekki. Umhverfisstofnun mun skoða frekar aðkomu að bryggjunni á Hesteyri og þeim brúum sem þar er að finna. Stefnt er að því að vinna að atvinnustefnu fyrir friðlandsið þar sem meðal annars verður tekið fyrir hvernig aðkoma á bryggjum og brúum verður háttáð.

Hópastærðir almennt

Nokkrar ábendingar komu um regluna um hópastærðir og efasemdir um hvort það muni virka að takmarka hópastærðir eins og kemur fram í áætluninni. Þá komu hugmyndir um að það ætti að hefja gjaldtöku frekar inn á svæðið og eins að vera með eins konar kvóta, ákveðinn fjöldi hvert ár. Umhverfisstofnun telur að regla um hópastærðir sé fyrsta skrefið í að stýra umferð inn á svæðið og mun meta árangur af þeim að tveimur árum liðnum og meta hvort reglum og stýringu verði breytt. Það er ekki stefna Umhverfisstofnunar að taka gjald fyrir inngöngu inn á friðlýst svæði eins og staðan er í dag.

Hópastærðir innan Hesteyri

Óskað var eftir því að hópastærðir myndu líka eiga við innan þorpsins og að 30 manna hópur væri ef til vill of stór. Að svo stöddu verður ekki brugðist við þessari athugasemd en innviðir á Hesteyri og gróðurfar ráða við meiri fjölda gesta en önnur svæði friðlandsins. Samstarfshópurinn bendir á að reglan um hópastærðir verður endurskoðuð eftir tvö ár og þá athugað áhrif hópastærða innan þorpanna.

Lokun svæða vegna álags

Ábending kom um það að landeigendur þyrftu að vera hafðir með í ráðum þegar loka þarf svæðum vegna álags. Í náttúruverndarlögum, 25. gr. náttúruverndarlaga kemur skýrt fram að landeigendur eru hafðir með í ráðum þegar slíkar lokanir fara fram.

Úrgangur

Lagt var til að þeir ferðamenn sem koma inn á friðlandið myndu fá skriflegar leiðbeiningar og reglur um hvernig á að haga sér með tilliti til förgunar á rusli og úrgangi og taka allt með sér sem þau koma með. Í áætluninni kemur skýrt fram að auka eigi upplýsingagjöf meðal annars á heimasíðu Umhverfisstofnunar og eins til ferðapjónustuaðila.

Reglur um tjöldun

Athugasemdir bárust varðandi regluna um að einungis sé heimilt að tjalda á skilgreindum tjaldstöðum innan friðlandsins. Reynslan hefur sýnt að lífríki friðlandsins þolir ekki allt það álag ef ferðafólk hefur heimild til þess að tjalda utan skilgreindra tjaldstaða. Innan friðlandsins ættu að vera tjaldstaðir með eðlilegu millibili og göngumaður ætti að geta skipulagt ferðir sínar þannig að hann geti nýtt þá tjaldstaði sem eru til staðar. Ef upp kemur neyðarstaða eru ekki gerðar athugasemdir ef fólk tjaldar utan tjaldstaða til einnar nætur.

Friðhelgi landeigenda

Ábendingar bárust varðandi of mikla truflun frá ferðapjónustu við landeigendur og umfjöllun um rétt landeigenda til að banna umgang á þeirra landi og við húsin. Eins kom ábending um að landeigendur gætu jafnvel sinnt eftirlitsstarfi til að fylgja eftir þeim reglum sem gilda innan friðlandsins. Umhverfisstofnun telur að það sé ekki í höndum landeigenda að sinna eftirliti þar sem það er alfarið í höndum umsjónaraðila svæðisins, Umhverfisstofnunar. Umhverfisstofnun bendir á 24. gr. náttúruverndarlaga þar sem kemur fram að þegar skipulagðar eru hópferðir um eignarlönd í byggð eða þar sem ónæði gæti valdið við nýttar skal hafa samráð við eiganda lands eða rétthafa um umferð manna og dvöl á landi hans.

Landverðir

Ábendingar komu um að það ætti að hafa bæði fleiri landverði og eins landverði í fastri stöðu inn á svæðinu. Umhverfisstofnun reynir eftir fremst megni að hafa landverði á svæðinu eins lengi og kostur er og nýtir þær landvarðavikur sem hún fær úthlutað eins og hægt er. Jafnframt þá er sérfræðingur svæðisins í heilsársstöðu, staðsett er á Ísafirði, sem hefur meiri viðveru innan friðlandsins en landverðir.

Litakóðað kort

Athugasemdir bárust um það hvort litakóðað kort væri skynsamlegt og hvort það hefði þau áhrif að beina umferð of mikið á léttari gönguleiðir. Umhverfisstofnun telur að út frá öryggi og upplifun gesta sé mikilvægt að gönguleiðir séu skilgreindar eftir erfiðaleikastigi og litakóðað kort vel til þess fallið.

Menningarminjar

Minjastofnun kom með ábendingar er varðar minjar á svæðinu og fagnar Umhverfisstofnun samstarfi með þeim til að vinna að frekari umfjöllun og aðgerðum um minjar innan svæðisins. Ábendingar komu um það að eitthvað er um að minjum hafi verið stolið og einnig einhverjar ranglega staðsettar á korti. Umhverfisstofnun mun koma þessum ábendingum til Minjastofnunar.

Alþjóðasiglingar

Athugasemdir bárust varðandi reglur í kafla 3.12 og að þær þyrftu að vera í samræmi við alþjóðasiglingareglur IMO. Umhverfisstofnun hefur skilgreint enn frekar reglur er varðar skipaumferð og telur því að þær dragi ekki úr möguleikum á hefðbundnum siglingum skipa.



Aðrar athugasemdir

Aðrar ábendingar vörðuðu orðlag og framsetningu texta sem var lagað í stjórnunar- og verndaráætlun svæðisins. Einnig bárust góðar ábendingar frá umhverfis- og auðlindaráðuneytinu sem unnið var úr.